

Ó, þú sem leitar sannleikans! Bréf þitt hefur borist. Þú hefur beðið mig um skriflega frásögn og skrá yfir spádóma varðandi Bábinn og Bahá'u'lláh. Þessar frásagnir hafa áður verið ritaðar. Leita þeirra og þú munt finna.

Hin blessaða fegurð var ekki af ættlegg Ísmaels, heldur afkomandi eins af bræðrunum sem fluttu til Persíu og héraða í Afganistan. Því auk Ísaks og Ísmaels átti Abraham sex aðra syni sem allir fluttu til Persíu og til afganskra héraða.

Ó, einlægi leitandi. Reyn af öllum mætti að kveðja fólkið til þjónustu við ríki himinsins svo að þú getir með leiðsögn Guðs gert sálum manna kleift að verða eins og englar paradísar, stuðlað að alhliða friði á þessari miklu og merkilegu öld, þjónað einingu mannkynsins og öðlast eilíft líf, fylgt fordæmi Krists og orðið félagi 'Abdu'l-Bahá á þeirri braut. Þér fylgi heill og árnaðaróskir.